



## Fundur foreldrafélags og skólastjórnar vegna vorferðar 2020

**Dagsetning:** 11. maí 2020

**Mætt:** Fyrir hönd skólans Hildur Sæbjörg Jónsdóttir skólastýra, Sigríður Jóna Gunnarsdóttir og Ruth Margrét Friðriksdóttir. Fyrir hönd foreldrafélagsins Birkir Marteinson formaður, Hildur Dís Kristjánsdóttir, Ragnar Þór Reynisson og Þórunn Sigurðardóttir.

**Stjórn fundar:** Hildur Sæbjörg Jónsdóttir skólastýra

**Efni fundar:** Vorferð 2020

Á fundinum var farið yfir stöðu mála varðandi vorferð í maí á tímum Covid-19. Gríðarlega mikil vinna hefur farið fram við lausnaleyti til að halda vorferð með hefðbundnu sniði í ár þar sem gist er í tvær nætur. Eftir yfirlegu yfir verkferlum, tilmælum Almannaþingarinnar, samráð við Sveitarfélagið, fundi með starfsfólki, staðarhöldurum og nú foreldrafélagi var niðurstaðan sú að skólanum er ekki unnt á þessum fordæmalausum tímum að bjóða upp á gistingu í maí. Vorferðir skólans verða því með breyttu sniði í ár þar sem farið verður í langar dagsferðir. Margir ólíkir þættir spila inn í þessa ákvörðun og eru þar jafnrétti og öryggi barna í forgrunni.

Foreldrafélagið kom með athugasemd að upplýsa hefði mátt foreldra 5 ára barna fyrir um að verið væri að vinna í þessum málum. En póstur hafði farið út með þeim upplýsingum til foreldra 6–9 ára barna.

### Niðurstaða fundar:

Upplýsingapóstur til allra foreldra sendur út eftir fundinn þar sem kemur fram að farið verður í dagsferðir þriðjudaginn 19. maí. Fimm ára börn munu fara í Vatnaskóg þar sem hluti af fyrirhugaðri dagskrá mun fara fram og 6–9 ára börn munu fara á Laugarvatn líkt og til stóð og hluti af fyrirhugaðri dagskrá þar verður í boði. Þeir foreldrar sem óska eftir frekari upplýsingum bent á að hafa samband við fulltrúa foreldrafélagsins eða við skólann.